

## Áhrif malartöku í Fitjaá á hrygningarsvæði urriða

Urriði var settur í Skorradalavatn 1975 en þar hafði hann ekki áður verið. Honum hefur fjölgað og hann hefur dafnað vel. Rannsóknir hafa sýnt að hann notar Fitjaá til hrygningar og er áin mikilvægasta hrygningarstöðin.

Ábúendur Fitja báðu mig um að gefa álit á væntanlegri malartekju á skilgreindu námasvæði við ána, nokkru ofan við ós árinna í Skorradalavatn. Áætlað er að taka möl til hliðar við ána, án þess að taka nokkuð úr ánni sjálfri. Tekið verður ofan af gamalli námu án þess að fara lægra en áin. Þá er ætlunin að gera garð ofarlega á námasvæðinu til að hindra framhjáhlaup í flóðun með tilheyrandi rofi á vatnsbökkum. Ekki verður nein breyting á ánni eða hrygningarstöðum. Malartekjan er að mínu mati hættulaus en rétt þykir þó að framkvæmdin verði utan hrygningartíma sem er októbermánuður. Áin mun væntanlega hlaða möl á svæðið í tímans rás.



Þetta er mynd af svæðinu þar sem taka á mölina. Pollurinn fremst á myndinni er frá því að áin hljóp yfir veginn og fór að brjóta land úr moldarbakkanum við trén. Ætlunin er að skafa ofan af svæðinu fyrir miðri mynd og lengra upp eftir á þess að snerta við ánni sjálfri.

Reykjavík, 15. október 2009  
Jón Kristjánsson